

Styrkumsóknir til borgarráðs 2017

	Tengiliður	Efni	Dags. bréfs	Sótt um kr.	Sótt um áður	Tillaga að styrk	Málsnúmer
1	Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir	Ungt fólk til áhrifa	4.9.2017	50.000		50.000	R17090043
2							

Reykjavík 4. september 2017

Borgarráð

Kjörsókn ungs fólks í síðustu sveitarstjórnarkosningum var óviðunandi, en þar mætti tæplega helmingur á kjörstað (47,5%). Í seinustu alþingiskosningum var kosningabátttaka undir 80% í fyrsta skipti síðan í þingkosningum 1933. Heildarþátttakan var 79,2% en í aldurshópnum 18-29 ára var hún 67,7%. Þessi þróun er varhugaverð og nauðsynlegt er að bregðast við. Við undirrituð höfðum í huga að að rannsaka málefnið og gefa út skýrslu með samantekt (e. executive summary). Samantektin er sérstaklega hugsuð fyrir sveitarfélögin og stjórnmalaflokka og á að nýtast þeim sem verkfærakista.

Hún mun koma til með að virka sem hugmyndabanki við eflingu stjórnmalabátttöku fólks á aldrinum 18-25 ára. Í skýrslunni er að finna hugmyndir um þær leiðir sem færar eru til þess að hvetja til aukinnar kosningabátttöku ungs fólks. Rannsóknarspurningin var „Hvað fær ungt fólk til að kjósa?“

Skýrslan var unnin í fjórum hlutum.

- i. **Samanburðarrannsókn.** Borin voru saman gögn frá norðurlöndunum, Bandaríkjunum og Bretlandi. Gögnin voru hinsvegar ekki auðfundin og skorti gríðarlega tölur um kjörsókn ungmenna í flestum löndum sem skoðuð voru.
- ii. **Rýnihóparannsókn.** Rætt var við tvo hópa ungmenna um af hverju ungmenni fara að kjósa og hvernig sé best að fá ungmenni til að kjósa. Endaði þetta á að vera meginpartur rannsóknarinnar
- iii. **Viðtöl við fulltrúa flokka á Alþingi.** Rætt var við fulltrúa allra flokka á Alþingi um hvað þeir hafa gert til að nálgast ungt fólk og hvað þeir hafa gert til að koma ungu fólki áfram í gegnum ungmennafélög þeirra.
- iv. **Eigindleg rannsókn.** Farið var í fræði um kjörsókn ungs fólks.

Við erum á lokaskrefum verkefnisins en skýrslan er í prófarkalestri þegar rannsakandi skrifar þetta bréf. Við leitum til ykkar til styrks upp á 50.000 kr til frágangs og prentunar á lokaafurð verkefnisins. Reykjavíkurborg mun fá útprentað eintak af skýrslunni undirritað af rannsakendum og erum við ávallt tilbúin að svara þeim spurningum sem gætu legið fyrir.

Að okkar mati er þetta fjárfesting í framtíðinni, fyrsta skrefið í að nálgast ungmenni með leiðum sem hafa reynst virka og hvernig ungmenni sjálf sjá vandann. Því erum við bjartsýn á að Reykjavíkurborg veiti verkefninu styrk.

Virðingarfyllst f.h. Ungs fólks til áhrifa,

Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir

Arnar Kjartansson

Jóhann Bjarki Hall

Umsókn um styrk úr Borgarsjóði

Umsækjandi: Ungt fólk til áhrifa

Kennitala: N/A

Heimilisfang: Borgartún 12

Netfang: ungtfolktílahrifa@gmail.com

Símanúmer: 868-8303

Póstnúmer: 105

Staður: Reykjavík

Nafn ábyrgðarmanns: Arnar Kjartansson

Kennitala ábyrgðarmanns: 141292-2269

Heimilisfang ábyrgðaraðila: Starengi 98

Póstnúmer ábyrgðaraðila: 112

Netfang ábyrgðaraðila: arnar1992@gmail.com

Símanúmer ábyrgðaraðila: 868-8303

Hlutverk ábyrgðaraðila: Rannsakandi

Upphæð sem sótt er um: 50.000

Banki: 0114

Höfuðbók: 26

Reikningsnúmer: 141292

Heiti verkefnis: Ungt fólk til áhrifa

Lýsing á verkefni: Verkefnið fjallar um kjörsókn ungs fólks og hvernig hægt sé að auka þáttöku þeirra bæði í kosningum og stjórnámálum almennt. Verkefnið var í samvinnu við Rannís, Reykjavíkurborg og LUV. Framkvæmdir voru rýnihópar, tekin viðtöl við fulltrúa flokkana sem eiga sæti á Alþingi og tekin saman fræði um málefnið. Við sækjumst eftir styrk til útprentunar en sá kostnaður mun vera um 50.000 kr. Við höfum ekki fjármagn fyrir slíkri útprentun og óskum því eftir styrk frá ykkur.

Hverjir hafa helst hag af styrknum?

Bæði kynin jafnt

Hverjir munu vinna að verkefninu?

2 karlar og 1 kona

Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjanda? (ef félag, fyrirtæki eða stofnun)

Já

Hvernig fellur verkefnið að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar?

(Mannréttindastefnu má finna hér: http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-2481/4267_view-752/)

Vel, litið var til jafnréttis kynjanna þegar litið var til ráðninga.

Verkefnið stefnir að því að auka jafnrétti milli aldurshópa í samfélaginu með því að fá fleira ungt fólk til þess að kjósa í kosningum. Ýtir það því undir jafnrétti í samfélaginu án þess að vega að réttindum annarra hópa.

Fjármögnun:

Verk- og tímaáætlun verkefnisins

Við höfum verið að vinna að verkefninu í 2 mánuði núna og eigum 1 viku eftir.

Áætlaðir tekjuliðir og upphæðir

xx

Áætlaðir útgjaldaliðir og upphæðir

30.000 - útprentun

20.000 - Markaðsmál

Er sótt um styrki hjá öðrum en Reykjavíkurborg? Hvaða?

- Fengum launastyrk frá Rannís, hann var 230.000 kr á mann í 2 mánuði

-

-

Aðrar upplýsingar:

Hefur Reykjavíkurborg áður synjað verkefni umsækjanda?

Nei

Hefur umsækjandi áður fengið styrk frá Borgarsjóði hvenær og ef svo, upphæð styrks?

Nei

Annað sem umsækjandi vill taka fram

Nei